

LÖG

um þjóðaráttak til byggingar þjóðarbókhlöðu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989 skal lagður á sérstakur eignarskattur er renna skal óskiptur til byggingarsjóðs þjóðarbókhlöðunnar.

2. gr.

Sérstakur eignarskattur, sbr. 1. gr., skal lagður á eignarskattsstofn, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, gjaldárin 1987, 1988 og 1989 og skal hann vera þannig:

- a. 0,25% á þann eignarskattsstofn manna, sbr. 80.–82. gr. laga nr. 75/1981 sem er umfram kr. 1 600 000. Skattskyld mark til sérstaks eignarskatts skal breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 121. gr. greindra laga, í fyrsta sinn á gjaldárinu 1987 samkvæmt skattvísitölu gjaldársins 1987. Þó skal ekki leggja sérstakan eignarskatt á eignir manna sem orðnir eru 67 ára eða eldri fyrir upphaf hlutaðeigandi gjaldárs.
- b. 0,25% á eignarskattsstofn lögaðila, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1981, og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr. sömu laga, ákvarðaðan skv. ákvæðum 80.–82. gr. greindra laga.

3. gr.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu þessa sérstaka eignarskatts eftir því sem við á.

4. gr.

Sérstakan eignarskatt samkvæmt lögum þessum er ekki heimilt að draga frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns og útsvarsskyldra tekna og við álagningu tekjuskatts, útsvars og annarra skatta og gjalda sem miðast við greinda gjaldstofna. Um frádrátt þessa sérstaka eignarskatts til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskattsstofns fer eftir lokaákvæðum 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

5. gr.

Á meðan ákvæði laga þessara eru í gildi, þ. e. á gjaldárunum 1987, 1988 og 1989, skal fara með þennan sérstaka eignarskatt á sama hátt og eignarskatt varðandi ráðstöfun ónýtt skattafláttar skv. 1. og 3. málsl. 2. mgr. 68. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 1. og 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1985.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987 og koma fyrst til framkvæmda við álagningu gjalda á gjaldárinu 1987 miðaða við eignarskattsstofn í árslok 1986.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.